



Reykjavík 28. júní 2017

Akraneskaupstaður  
Stillholti 16-18  
300 Akranesi

**Efni: Áskorun um bann við notkun á svartolíu og svæði þar sem útblæstri skipa eru sett takmörk.**

Aðgerðarhópur um loftslagsmál, París 1,5° og Náttúruverndarsamtök Íslands standa fyrir áskorun til IMO, Alþjóða Siglingarmálastofnunarinnar, þar sem hvatt er til þess að banna notkun svartolíu á skip sem sigla um norðurhöf og um að tekna verði á því svæði upp reglur um svonefnt ECA-svæði (Emission Controlled Area) á grundvelli "Viðauka VI" við svonefndan Marpol samkning. Eystrasaltið er t.d. skilgreint sem ECA-svæði, en þær reglur voru teknar upp þegar allt var komið í óefni á því hafsvæði vegna mengunar og einkum súrnunar sjávar. Þessi mengun og súrnun höfðu gríðarlega neikvæð áhrif á lífríki Eystrasalts.

Stjórn Faxaflóahafna lýsti á fundi sínum í maí 2016 yfir stuðningi við að Viðauki VI yrði lögfestur og að í framhaldi yrði efnahagslögsaga Íslands lýst ECA svæði og bannig gerðar strangari kröfur til eldsneytis skipa en gildir í dag. Hafnasamband Íslands ályctaði á Hafnasambandsþingi á Ísafirði í október 2016 á sama veg. Í undirbúningi mun vera að staðfesta Viðauka VI á Alþingi á þessu eða næsta ári og umræða hefur verið í umhverfisráðuneytinu og víðar að leggja á bann við notkun á svartolíu innan efnahagslögsögunnar. Æskilegast væri að stíga stærra skref sem felst í upptöku ECA reglna, en það mun krefjast nokkurs undirbúnings.

Í júlmánuði munu verða haldnir fundir á vegum IMO þar sem loftslagsmál verða m.a. til umræðu þ.m.t. reglur um eldsneyti skipa. Það er því tækifæri til þess að senda áskorun um að þessi mál verði tekin fastari tökkum ef draga á úr þeim umhverfisáhrifum sem siglingar hafa í för með sér og einkum er brýn ástæða til þess í norðurhöfum. Á það hefur verið bent að eftir sem áður séu flutningar á sjó hagkvæmur flutningamáti, sem hafi lágmarks umhverfisáhrif. Losun gróðurhúsalofttegunda vegna siglinga munu vera um 2,0 til 2,5% af heildar losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum, en þrátt fyrir það eru tækifæri til þess að ná árangri á þessu sviði eins og öðrum. Það er því eðlilegt og sjálfsagt að gripið verði til þeirra aðgerða sem kostur er.

Faxaflóahafnir sf. munu á grundvelli ofangreinds leggja málinu lið og er þeirri fyrirspurn beint til eigenda Faxaflóahafna sf. hvort þeir muni ekki gera hið sama. Æskilegt væri að afstaða lægi fyrir eigi síðar en miðvikudaginn 5. júlí nk.

Virðingarfyllst,  
  
Gísli Gíslason

Gísli Gíslason, hafnarstjóri.

Samrit:

Borgarráð Reykjavíkur  
Borgarbyggð  
Hvalfjarðarsveit  
Skorradalshreppur